

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Arni Helgason

Greinagerð um ferð til Færeys dagana  
18.2.1984 - 6.3.1984 vegna Laxveiða Færeyinga.

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

19.03.1984

VAUST/8403

## INNGANGUR.

Á tímabilinu 18.2 til 6.3.1984 var undirritaður staddur í Færeyjum á vegum Veiðimálastofnunar og Vinnuhóps Göngufiskanefndar Alþjóða Hafrannsóknaráðsins vegna rannsókna á uppruna laxins, sem fæst í úthafsveiði í Norður-Atlantshafi.

Tilgangur þessara ferðar var að safna gögnum um laxinn í afla færeyskra laxabáta, og að leita eftir merktum lögum í þessum afla.

Frásögn af þessari ferð og niðurstöður athugana birtist hér á eftir, en úrvinnsla og túlkun er í höndum VGAH.

## ATHUGANIR I LANDI.

Í Þórshöfn í Færeyskum er fastur eftirlitsmaður starfandi, sem eftir föngum skoðar lax við löndun og leitar eftir merktum fiskum. Eg fór með eftirlitsmanninum Jóni Höjsted í tvö frystihús og skoðaði lax, sem var verið að landa.

Fyrra frystihúsið er á Öyri og er það skelfiskvinnsla, sem tekur við laxi úr Norðheim FD 795, sem er í eigu frystihússins.

Á Öyri voru skoðaðir 485 laxar af 1026, sem báturinn kom með. Eftirfarandi merki fundust:

Carlin	2 laxar
Veiðiuggaklipptir	3 laxar en engin örmerki
Bakuggaklipptir	2 laxar


Norðheim ísar laxinn um borð og eru þessir 1026 laxar úr 8 lögnum. Síðara frystihúsið, sem var skoðað í er Bacalao í Þórshöfn. Þar var verið að landa frystum laxi úr bátnum Hvítiklettur, sem kom inn með um 15 tonn af laxi eftir 5 vikna úthald.

400 laxar voru skoðaðir, og fundust 3 veiðiuggaklipptir laxar, en þeir reyndust ekki geyma örmerki við athugun.

## ATHUGANIR Á SJÓ.

Tímabilið 22.2 til 6.3.1984 var safnað gögnum um borð í Norðheim FD 795. Norðheim er frambyggður skuttagari sérstaklega smiðaður

fyrir skelfiskveiðar, en er á laxveiðum utan skelfiskveiðitímans. Á skipinu eru 6 menn og annast 4 þeirra alla "dekkvinnu". Línan, sem notuð er við laxveiðarnar er flotlína og er samsett úr allt að 40 pinnum (lóðum, bjóðum). Hver pinni er um 1200 metrar á lengd og eru 80 taumar með u.p.b. 15 metra millibili á honum.



Hver lína er allt að 50 km á lengd og er látin reka, og við 3 til 5ta hver pinna er síðan radiobauja, sem gerir bátunum kleift að finna línuna.

Línan er lögð á nöttunni, og hafa nærliggjandi bátar samvinnu um lögnina að því leyti til að leggja á sama tíma og hafa a.m.k. 5 sjómílur á milli báta og koma þannig í veg fyrir að línur reki saman.

Lögnin hefst venjulega um 2 e. miðnætti, og eru 3 hásetar um það. Línan er beitt með Brislingi jafnóðum og hún er lögð, og tekur það um 4 tíma að leggja 30 pinna línu (2400 króka).

Dráttur hefst um hádegisbilið og tekur það 10 til 30 mínútur að draga hvern pinna eða 8-10 klukkutíma að draga 30 pinna línu.

Allur lax, sem veiðist er blóðgaður strax og síðar slægður, blóðrák hreinsuð og hann þeginn vandlega áður en hann er ísaður.

Auk þess sem að lax fæst á línuna er einnig talsvert um Hrognkelsi og fugl bítur gjarnan á þegar verið er að draga. Er það einkum Rita og Fýll, en einnig verður vart við svartfugl.

Veiðisvæðið, sem lína var lögð á í veiðiferðinni með Norðheim er sýnt á mynd á næstu blaðsíðu.

Samtals voru lagðar 11 lagnir í ferðinni, en einu sinni var ekki hægt að leggja vegna veðurs. Sundurliðun á athugunum á lögnum er sýnd í töflu hér að neðan, en auk þess eru allar upplýsingar að finna í frumgögnum í viðauka 1.

Dags.	Krókar	Lax			Afli á	Hrogn-	Ymsir
		Heildar	Undir	60 Misst	Merk 1000 kr.	Kelsi	Fuglar
23.2	960	27	o	o	1 28.1	o	o
24.2	1200	56	l	o	o 46.7	5	4
25.2	1200	35	l	o	o 29.2	8	3
26.2	1200	45	l	o	o 37.5	11	6
27.2	1160	86	l	2	l 74.1	19	7
28.2	1120	56	o	10	o 50.0	10	o
29.2	Ekki lagt vegna veðurs						
01.3	1200	56	o	o	1 46.7	17	2
02.3	1200	48	o	o	o 40.0	4	2
03.3	1200	48	l	2	o 40.0	4	2
04.3	1600	55	o	2	o 34.8	21	4
Samt		13240	512	5	16 38.7	99	30

Ath. Í töflunni er eingöngu greint frá þeim hluta aflans, sem kom á línum meðan fylgst var með drætti.

Ef heildartölur eru teknar saman fyrir veiðiferðina, þá aflaðist skv. upplýsingum áhafnarinnar samtals 1077 lax í veiðiferðinni.

Af þessum 1077 löxum fundust eftirfarandi merkingar:

Carlin merktir samtals 4:


Nr. 38630 Skotland

Nr. 92250 (NC) Noregur

Nr. 51378 (SP2) Svíþjóð

Nr. 90357 (NC) Noregur

Veiðiuggaklippti samtals 4, en án örmerkja



Svæðið, sem Norðheim FD795 stundaði veiðar á dagana 22.2 - 6.3.1984

Mörk veiðisvæðisins eru:

Norðurmörk	: $64^{\circ}48'N$
Suðurmörk	: $64^{\circ}11'N$
Vesturmörk	: $7^{\circ}07'V$
Austurmörk	: $4^{\circ}30'V$

Staðsetning einstakra  
lagna er sýnd í við-  
auka 2.

Þær mælingar, sem voru gerðar í veiðiferðinni eru í samræmi við áætlun VGAH og eru bær eftirfarandi.:

Dags.	FL	WW	KYN	KYNPROSKI	HREISTUR
23.2	o	o	o	o	o
24.2	21	21	21	21	21
25.2	85	85	85	85	11
26.2	35	35	35	35	35
27.2	12	12	12	12	12
28.2	17	17	17	17	17
1.3	106	56	56	56	56
2.3	68	36	36	36	36
3.3	113	35	35	35	35
4.3	101	55	55	55	55
	558	352	352	352	<del>552</del> 278

Öll sýni og frumrit eyðublaða voru skilin eftir hjá Hjalta í Jakobsstovu á Fiskirannsóknarstovan í Þórshöfn. (Sjá afrit í viðauka 3)

#### NIÐURLAG.

I Færejum borgar Fiskirannsóknarstovan 30 FKR (u.p.b. 90 IKR) fyrir hvert merki, sem skilað er inn af laxi. Þetta verð virðist ýta verulega undir vandlega leit að merkjum bæði á bátunum, sem veiða laxinn og einnig í fiskvinnslustöðvunum, þar sem laxinum er landað. I stöðvunum tveim, sem ég kom í og verið var að taka á móti laxi, þótti mér greinilegt, að vandlega væri fylgst með því af starfsfólki hvort ytri merki (Carlin) væri að finna á lögum, og dreg ég af því pá ályktun, að fyrirkomulagið sé mjög virkt a.m.k. hvað viðvíkur ytri merkjum.

Ég tel, að það sé nokkur ókunnugleiki á ferðinni með heimtur á örmerkjum. Bæði í Bacalao og á Oyri virtist mér starfsfólk, sem vann við lax ekki gera sér fyllilega grein fyrir því, að veiðiuggaklipptur lax væri hugsanlega merktur með örmerki, og ætti því

takast frá svo hægt væri að kanna það nánar í leitartæki. Sömu sögu er að segja um sjómennina á Norheim. Af þessum sökum tel ég að heimtur á örmerktum löxum séu ekki jafn vissar og á Carlin merktum löxum, þar sem fastráðinn eftirlitsmaður nær ekki að fylgjast með nema hluta af löndunum úr bátum.

Eg álit, að vandamálið í þessu sambandi sé fyrst og fremst skortur á upplýsingum til þeitra, sem vinna við lax hvort heldur á sjó eða landi, og ætti að vera vandalítið að bæta úr því.

Sjómenn, sem stunda laxveiðar eiga að gefa upp heildarafla, þ.e.a.s fjöldu laxa, sem veiðast í hverri lögn. Við athuganir um borð í Norðheim FD 795 virtist mér sem skráður laxafjöldi í bátnum væri sá fjöldi, sem landað yrði, en frákast eða misstir laxar eru ekki inní þeirri tölu.

Eins og áður segir er túlkun á niðurstöðum úr athugunum á laxveiðum færeyinga í höndum VGAH, og engin tilraun gerð til þess að gera það hér.

Af þeim 354 löxum, sem voru mældir og kyngréindir reyndust 104 vera hængar eða 29.4% og 250 vera hrygnur eða 70,6%. Hlutfallsleg lengdardreifing á Úrtakinu er sýnd á línuriti á næstu síðu.

Samvinna við færeyinga var í alla staði mjög góð, og gat ég hvergi fundið annað en velvilja til samstarfs við athuganir og rannsóknir á laxveiðum þeirra. Þetta á jafnt við um sjómenn, starfsfólk í þeim fiskvinnslustöðvum, sem ég heimsótti, og starfsmenn á Fiskirannsóknarstovan.

Egilsstaðir 19.03.1984

Arni Helgason, fiskifræðingur  
Austurlandsdeild Veiðimálastofnunar.

Hlutfallsleg Ingardardreifing laxa í afla  
Norðheim FD 795 dagana 22.2 - 6.3 1984

— Hængar N=104  
- - - Hrygur N=250

